

Opnunartími sundlauganna í september

Neslaug: miðvikudaga 17-22, laugardaga og sunnudaga 13-18

Skeiðalaug: mánudaga og fimmtudaga 18-22

Gaukurinn

Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

2.árg. 8.tbl. september 2022

Frá íbúafundi í Skeiðalaug



Opnunartími á gámasvæðinu í Árnosi

miðvikudaga 14:00-16:00 og laugardaga 12:00-15:00

Grenndargámar við sundlaugina í Brautarholti og Félagsheimilið í Árnosi opnir allan sólarhringinn

Þá eru flestir komnir til baka úr sumarfríi og lífið að komast í fastar skorður. Skólastarfið er komið á fulla ferð og farið að rökkva á kvöldin. Nú eru komnir þrír mánuðir síðan ég tók til starfa og hefur þessi tími verið afskaplega annasamur, áhugasamur og skemmtilegur. Það eru fjölmörg mál sem ég hef þurft að koma mér inni og skemmtilegi hlutinn af þessu starfi er að kynnast öllu fólkinu sem ég starfa með og íbúunum sem ég starfa fyrir.

Við héldum íbúafund í Skeiðalaug þar sem fjöldi fólks mætti og ræddum við ýmsar hugmyndir til að geta eftt starfið þar. Það liggur fyrir að við þurfum að lagfæra húsnaðið. Við þurfum að gera laugina að eftirsóknaverðum áfangastað og einnig skapa starfssemi sem er heilsueflandi. Til þess að gera það komu fram hugmyndir um að fjölga heitum pottum og gufum, byggja yfir bakgarðinn á lauginni og setja upp crossfit stöð. Upphefja arkitektúrinn sem er sérstaða húsnaðisins og þannig gera Skeiðalaug eftirsóknaverða fyrir ferðamenn að heimsækja. Efla líkamsrækt í íþróttasalnum með fjölbreyttu íþróttastarfi í Brautarholti en það dregur að fleiri gesti. Koma upp aðstöðu fyrir sjúkrabjálfun, nuddara, snyrtistofu o.fl. Það skorti ekki hugmyndir til að skapa forsendur fyrir mikilli aðsókn og bættri þjónustu, sem þá gerir okkur vonandi kleift að hafa opið alla daga vikunnar. Ég finn að það er mikill áhugi fyrir því að sameinast um að hefja nýja vegferð í Skeiðalaug og mun ég undirbúa aðgerðaráætlun um hvað þarf að gera og leggja fram í sveitarstjórn til samþykktar. Ég er fullur bjartsýni á því



Pistill frá sveitarstjóra

að nýr kafli muni brátt hefjast í Skeiðalaug sem muni bæta lífsgæði okkar allra.

Á síðastliðnum vikum voru hið minnsta þrjú stórafmæli hér í sveit. Linda Ósk Högnadóttir frá Laxárdal varð 40 ára og fagnaði hún áfanga sínum með glæsilegri veislu í Knarrarholti. Líkt og þeir sem þekkja Lindu þá einkenndist veislan af gleði, hlátri, dansi og góðum mat en hún bauð meðal annars uppá heilgrillaðan grís frá Korngrís. Sigurður Unnar Sigurðsson varð 50 ára og var haldin stóveisla í Skarði sem var frábær skemmtun. Ólafur F. Leifsson varð 60 ára og viðurkenndi loksins að vera kominn á miðjan aldur! Mikil veisla var í Björnskoti og dansað framundir morgun. Í Gauknum er myndasýrpa úr veislunum og væri gaman að fá sendar myndir til birtingar í Gauknum frá sem flestum mannfögnuðum sem haldnir eru í sveitinni okkar.

Á fundi sveitarstjórnar 3.ágúst lagði ég fram mál er varðar uppbyggingu innviða í Þjórsárdal. Í dag er umsjón svæðisins á forræði umhverfisstofnunar. Þeir innviðir sem eru til staðar núna eru engan veginn tilbúnir til að taka á móti þeim

fjöldi ferðamanna sem munu heimsækja Þjórsárdalinn eftir að fjallaböðin opna og fjöldi ferðamanna eykst, líklega í veldisvexti. Ég tel mikilvægt að sveitarfélagið taki yfir uppbyggingu svæðisins og fjármagni uppbygginguna með bílastæðagjöldum eða öðrum leiðum. Með því móti getum við tryggt að upplifun gesta á svæðinu verði eins og best getur orðið á sama tíma og við tryggjum verndun svæðisins. Rekstur svæðisins til framtíðar mun skapa störf og skilyrði fyrir hina ýmsu rekstraraðila að byggja upp atvinnuskapandi afþreyingu innan svæðisins. Allt leiðir þetta til uppbyggingar fjölbreyttrar atvinnu.

Við erum að hefja vinnu við að skipuleggja hvernig við viljum sjá Árnes sem byggðarkjarna byggjast upp næstu árin. Við munum þurfa að skipuleggja lóðir fyrir hundruð íbúða og horfa langt fram í tímann. Ég mun boða til íbúafundar um skipulag í Árnesei í byrjun október og verður það auglýst í næsta Gauk.

25.ágúst þá var vígsla Seyrustaða. Seyrufélagið er frábært verkefni sem sér um losun allra 9.000 rotþróa í uppsveitum Árnessýslu, Flóahreppi og Ásahreppi. Ég hvet alla til að kíkja inná www.seyra.is og kynna sér verkefnið.

Fleira er það ekki að sinni.

Kveðja,

Haraldur Þór Jónsson

Myndir frá vígslu Seyrustaða



Fréttir frá Þjórsárskóla

Skólasetning og námsefniskynningar voru föstudaginn 19. ágúst og komu margir foreldrar með börnunum sínum og kynntu sér starfið í vetur.

Árlega „útilegan“ okkar var síðan í síðustu viku gekk mjög vel og við vorum

heppin með veður. Farið var inn í skóg snemma um morguninn þar sem unnið var í fjölbreyttum verkefnum allan daginn. Sofið var í skólanum og í kringum skólann í tjöldum. Skemmtilegir dagar þar sem nemendahópurinn og starfsfólkið hristist vel saman í leik og starfi og fer nú samferða inn í veturinn.



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps kemur út um hver mánaðarmót og er dreift á öll heimili í sveitarfélaginu. Hægt er að kaupa auglýsingar í blaðið og skal senda auglýsingar og aðsendar greinar til gaukurinn@skeidgnup.is

Útgefandi: Skeiða- og Gnúpverjahreppur. **Ábyrgðarmaður:** Haraldur Þór Jónsson

TIL SÖLU - Bugðugerði 5b



**87,8fm, þriggja herbergja parhús í Árnasi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
ATH húsið allt var málað að utan 2021 en þarfnast nánast algerrar
endurnýjunar að innan, baðherbergi þó í ágætu standi.**



Loftur Erlingsson
Löggiltur fasteignasali
GSM 896-9565
loftur@husfasteign.is

Alhliða fasteignasala
Kynslóða- / eigendaskipti bújarða
Stofnun og skráning landspíðna og lóða

**Hús Fasteignasala • Austurvegi 26 • 800 Selfoss
Sími: 497 1155 • www.husfasteign.is**

Keppnisferð ÍBU vestur á land

Margir krakkar í Uppsveitum Árnessýslu hafa æft fótbolta síðastliðinn vetur og nú öll saman í sumar hjá Íþróttabandalagi Uppsveita (ÍBU). Æfingar hafa verið í Reykholti, á Borg, í Árnesi, á Flúðum, á Laugarvatni og í Brautarholti. Samhliða æfingum hafa flokkarnir farið á hin ýmsu fótboltamót um allt land ásamt því að taka þátt í Íslandsmóti KSÍ.

Helgina 13.-14. ágúst lagði 4. og 5. flokkur upp í ferðalag til að spila leiki við Snæfelling og Vestra en þeir leikir voru spilaðir í Ólafsvík og á Ísafirði. Krakkar í 4.flokki eru í 7.–8. bekk en þau sem eru í 5.flokki eru í 5.–6. bekk. Eins og gefur að skilja þarf nokkurn undirbúning undir slíka ferð og tóku foreldrar að sér þá skipulagningu, í samstarfi við þjálfarana Gústaf Sæland og Sólmund

Magnús Sigurðarson. Skipulagt var hvernig komast ætti á staðina, hvar ætti að gista og borða, hvernig nesti þurfti að hafa með og hvaða farangur hver og einn ætti að hafa með sér. Sambönd voru nýtt og meðal annars fengnir að láni bílar til ferðarinnar frá sveitarfélagi Hrunamanna og Skeiða-, og Gnúpverjahreppi. Höndum var tekið saman um að gera ferðina sem besta og skemmtilegasta fyrir strákana, en í ferðina fóru 19 strákar, 2 þjálfarar og 7 foreldrar. Lagt var upp fyrir klukkan sjö á laugardagsmorgni og brunað beint í Ólafsvík þar sem spilaðir voru tveir leikir. Ekki gekk alveg eins vel og vonast var eftir á vellinum en strax eftir að þeim lauk var brunað í Stykkishólm og ferjan Baldur tekinn yfir fjörðinn. Keyrslan til Ísafjarðar gekk vel með stoppi við Dynjanda þar



sem hægt var að spretta úr spori og hrista kroppinn. Þegar á Ísafjörð var komið og allir búnir að koma sér fyrir var ekkert í stöðunni annað en að slaka á og gera eitthvað skemmtilegt, sem hjá þessum strákum þýðir að leika sér í fótbolta.

Á sunnudag byrjaði 4. flokkur á að spila klukkan hálf tólf en 5. flokkur strax þar á eftir og endaði síðasti leikurinn með sigri og var lundin því léttari eftir það. Á heimleið var ís stopp í Súðavík og drengjunum skutlað í sund í Hólmavík. Þreyttir en ánægðir ferðalangar komu seint heim á sunnudagskvöld. Þökkum við öllum sem komu að skipulagningu ferðarinnar, sveitarfélögunum fyrir lán á bílum, foreldrum og þjálfurum sem fóru þessa skemmtilegu ferð ásamt öllum strákunum fyrir góða skemmtun.

Lilja Össurardóttir



Lómurinn

Í seinasta Gauk fjallað ég um Lóminn og ræddi varpstaði hans. Spurt var hvort einhver sveitunginn hafi séð fuglinn hjá sér þar sem varpstöðvar hans ættu samkvæmt gögnum að vera í sveitarfélaginu. Ekkert svar barst en nú í ágúst heyrði ég í fyrsta

sinn síðan við fluttum fallega hljóm Lómsins heimavið. Fjórir fuglar voru á flugi og komu þeir úr vestri og flugu yfir Hraunbrún. Því miður létu þeir hvorki vita hvaðan þeir komu né hvert þeir voru að fara.

Lilja Össurardóttir







Sæl verið þið.

Ég heiti Rakel og bý ásamt Gestí Einarssyni manninum mínum og 4 börnum í Árnesi. Ég er að norðan en flutti suður 2015. Við fjölskyldan erum búin að búa hér í sveitinni í 2 ár og elskum að vera hér, enda náði og kærleiksríkt samfélag. Á mínu heimili vil ég helst fá að hafa eldhúsið útaf fyrir mig þar sem ég elska að elda og baka. Ég var beðin um að koma með uppskrift í Gaukinn og vil ég þakka kærlega fyrir þann heiður. Ég vil ekki hafa hlutina of flókna þegar kemur að eldamennsku svo mér datt í hug að deila með ykkur einfaldri uppskrift af kubbasteik sem mér finnst ótrúlega þægilegt að henda í svo ég tala nú ekki um hvað þetta er góður matur ☺

Kubbasteik

(magn hráefna eftir smekk)

Súpukjötsbitar (ég kys að krydda allt kjöt sem ég elda helst daginn áður svo kryddið fái að síast inn í kjötið)

Kartöflur - miða við ca 1-3 á mann eftir stærðir

Brokkolí - 1 stk

Blómkál - 1 stk

Gulrætur - 5-6 eftir stærð

Rauðlaukur - 1 stk

Hvítlaukur - 2-3 geirar

Sveppir - 1 box (Flúðasveppir að sjálfsögðu ☺)

Paprika - 1 stk (kys að nota rauða, gula eða appelsínugula upp á litaúrvalið í réttinum)

Salt og pipar

Rjómi - 1/2 L til að fá sósuna

BBQ sósa (eða önnur sósa, ég kys bbq

honey mustard)

*Ath að það má nýta það sem er til í ísskápnum, allt grænmeti er gott í réttinn, bara smekksatriði.

Allt grænmeti skorið niður og sett í steikarpott eða ofnskúffu. Smá salt og pipar yfir grænmetið. Kjötbitunum raðað ofan á grænmetið og rjómanum hellt yfir. Síðan er sósunni hellt yfir og eldað á lægri hita (110 - 150 gráður ca) í um það bil klst. Hækka hitann í 200 - 210 gráður í lokinn (kanski síðasta korterið eitthvað svoléiðis) til að fá smá meiri steikingu. Mikið grænmeti í réttinum svo það þarf ekkert endilega meðlæti með en annars gott að hafa ferskt salat og einhverju vel völdu að drekka ☺

Huggulegur, einfaldur og góður réttur á góðum haustdegi. Verði ykkur að góðu ☺



byggja sér snoturt hús. Í Einbúa fengu allir harðfisk og vökva til að skola honum niður. Að því loknu var riðið tilbaka á Stöðulfell þar sem voru grillaðar pylsur og í lokin sungið þar til náttmyrkrið benti okkur á að halda heim til náða.

Frásögn Sigga Bjögg í Skarði á tilurð Frambæjarreiðinnar:

„Þetta var á þann veg að Vala og Gestur á Minna-Hofi hringdu í okkur Jenný og stungu upp á þessum útreiðartúr. Hringt var í alla sem þá var talið var að tilheyrðu Frambæjunum en einhver viðmið voru um að það væru þeir bæjir sem áttu fyrr sókn í Hrepphóla­kirkju. Þegar hringt var í Jón í Miðhúsum bar hann sig illa og taldi sig ekki getað komið með þar sem hann væri ekki með hest á járnum. Við Gestur

björguðu því hið snarasta og járnðuð fallega rauðblesótta meri sem Jón átti - og það er mér minnisstætt hve Jón handfjatlaði hryssuna á nærgætin hátt og fór mjúklega að henni og greinilegt var að þar fór góður hestamaður. Næst var fö­rinni heitið að Sandlæk þar sem ábúendur, Erlingur og Guðrún, á Sandlæk voru kvödd til dyra með söng. Hafði Erlingur það á orði að gaman væri að svona væri bankað uppá, gamli góði ungmennafélagsandinn væri ríkjandi og ekki sæjst vín á nokkrum manni.”

Það er sannarlega gaman að þessi gamla hefð sé endurvakin og við hvetjum fleiri til að gera slíkt hið sama – að fara í könnunarleiðangra saman í hóp um nágrenni sitt.



Öll almenn jarðvinna Ólafsvellir ehf Sími 897-5997



Sveitarstjórn 2022-2026 Númer fundar: 3 Dagssetning fundar: Miðvikudagur, 3. ágúst 2022

Tími fundar: 09:00 Mættir:: Haraldur Þór Jónsson, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Gunnar Örn Marteinsson, Karen Óskarsdóttir og Vilborg Ástráðsdóttir. Fundargerð ritaði Sylvia Karen Heimisdóttir.

Ekki voru gerðar athugasemdir við fundarboðið. Lagt var til að tekin yrði inn á dagskrá fundar fundargerð skólaneftar-leikskóla og fundargerðir 242. og 243. fundar Umhverfis- og tæknissviðs uppsveita. Var það samþykkt samhljóða. Fundargerð skólaneftar verður 9. mál á dagskrá og fundargerðir Umhverfis- og tæknissviðs uppsveita verða 33. mál á dagskrá.

Fundargerð:

1. Skipulag á skrifstofu

Sveitarstjóri kynnti skipulag á skrifstofu. Málin rædd og afgreiðslu frestað til næsta fundar.

2. Tölvukerfi sveitarfélagsins

Sveitarstjóri leggur til breytingar tölvukerfi sveitarfélagsins.

Sveitarstjóra falið að útfæra og leggja fram nánari endurskiplagningu á tölvukerfi sveitarfélagsins og leggja fyrir sveitarstjórn áætlun um kostnað við rekstur þess á ári miðað við þær breytingar sem lagt er til.

3. Samþykkt um stjórn - endurskoðun

Drög að endurskoðaðri samþykkt um stjórn lögð fram til fyrri umræðu. Í tillögunni er gert ráð fyrir að það fjölgi úr þremur í fimm nefndarmenn í Loftslags- og umhverfisnefnd og Atvinnu- og samgöngunefnd.

Breytingum að samþykkt vísað til síðari umræðu á næsta fundi sveitarstjórnar.

4. Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps-endurskoðun

Umræður voru um aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum að að endurskoða ekki að þessu sinni aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps í heild sinni en skoða þarf endurskoðun á einstaka þáttum aðalskipulagsins.

5. Árnes - breyting á deiliskipulagi

Sú uppbygging sem er framundan kallar á endurskiplagningu á deiliskipulagi fyrir Árnes.

Rætt var um að hefja vinnu við endurskiplagningu og leita eftir hugmyndum með samtali við íbúa.

Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram og kynna betur á næsta fundi.

6. Skeiðalaug - ný framtíðarsýn

Umræður voru um framtíðarsýn Skeiðalaugar. Það liggur fyrir að húsnæði Skeiðalaugar liggur undir miklum skemmdum og nauðsynlegt að ráðast í framkvæmdir. Einnig hefur reksturinn á sundlauginni verið kostnaðarsamur á sama tíma og aðsókn í laugina hefur dregist saman um 50% á síðustu árum. Mikilvægt er að finna leiðir til að gera breytingar á starfssemi sundlaugarinnar til að auka aðdráttarafi hennar. Það er nauðsynlegt til að fá aukna aðsókn og styrkja þannig rekstrargrundvöllinn.

Sveitarstjóri hefur boðað íbúafund þann 23. ágúst vegna framtíðarsýnar Skeiðalaugar. Er honum falið að vinna málið áfram og koma með nánari útfærslu eftir þann fund.

7. Leikholt og Félagsheimilið í Brautarholti - Viðhald

Klára þarf að hanna breytingar á stóra glerveggnum í húsnæði félagsheimilis og leikskólans í Brautarholti og gera kostnaðar- og framkvæmdaáætlun til þess að hægt sé að ráðast í framkvæmdirnar sem fyrst.

Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

8. Þjórsárdalurinn - uppbygging og rekstur innviða

Skort hefur á uppbyggingu innviða í Þjórsárdalnum, sem nú er í umsjón Umhverfisstofnunar. Engin salernisaðstaða er núna opin við Stöng og hefur Skógræktin staðið að uppbyggingu salernishúss við Hjálparfoss. Ekki hefur enn tekist að opna það.

Samkvæmt framkvæmdaáætlun landsáætlunar Umhverfis- orku og loftslagsráðuneytisins um uppbygginga innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum vegna árána 2022-2024 er gert ráð fyrir 4,7 miljónum í hönnun salernishúsa fyrir svæðið á árunum 2023-2024. Verði ekkert gert liggur fyrir að mörg ár líða áður en ásætlanleg uppbygging innviða raungerist.

Sveitarstjóri hefur lýst yfir, við Umhverfisstofnun, þungum áhyggjum sínum af seinangangi við uppbyggingu á aðstöðu fyrir ferðamenn á svæðinu og leggur til að sveitarfélagið komi að uppbyggingu á svæðinu sem fjármagnað yrði með bílastæðagjöldum eða öðrum tekjuleiðum.

Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

9. Skólaneft - Leikskóli. Fundargerð 1. fundar

Tekin var fyrir 3. málsliður fundargerðar um ráðningu leikskólakennara. Umræður urðu um málið.

Sveitarstjórn staðfestir með 5 atkvæðum tímabundna ráðningu Önnu Grétu Ólafsdóttur í

starf leikskólastjóra. Sveitarstjóra falið að klára ráðningarsamning við Önnu Grétu Ólafsdóttur. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram og kynnt.

10. Húsnæðisáætlun Íslands 2023-2032

Rammasamningur um húsnæðisáætlun Íslands 2023-2032 lagður fram til kynningar. Vinna þarf að gerð húsnæðisáætlunar Skeiða- og Gnúpverjahrepps fyrir október 2022.

11. Rauðukambar - Leyfi til jarðvegsrannsóknna

Lögð fram umsókn Rauðukamba ehf. um leyfi til jarðvegsrannsókna í tengslum við byggingu hótels inni í Þjórsárdal.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum umsókn Rauðukamba um leyfi til jarðvegsrannsókna við Reykholt í Þjórsárdal.

12. Skólanefnd 2022-2026- erindisbréf

Erindisbréf skólanefndar lagt fram til samþykktar Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum erindisbréf skólanefndar.

13. Staða talmeinafræðings í uppsveitum og Flóa

Ósk um að auka stöðugildi sameiginlegs talmeinafræðings í Uppsveitum og Flóa um 70% og að auglýst verði í starfið.

Sveitarstjórn óskar eftir því að áður en kemur til samþykktar á auknu starfshlutfalli verði sveitarfélaginu sendar upplýsingar um fjölda á biðlista og kostnaðarauka sem kann að verða á þessu ári.

14. Samband íslenskra sveitarfélaga. Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna

Lagt fram fundarboð frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í tengslum við áframhaldandi samstarf við innleiðingu Heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna. Hrönn Jónsdóttir starfsmaður á skrifstofu og verkefnastjóri með innleiðingunni kom inn á fundinn og sagði frá því starfi sem hefði verið unnið fyrir kosningar og hvað væri framundan.

Sveitarstjórn þakkar Hrönn fyrir góða kynningu og hrósar henni fyrir sína vinnu. Sveitarstjórn er samhljóða sammála um áframhaldandi innleiðingu á heimsmarkmiðum.

15. Leikholt - Umsókn um leikskóladvöl í Leikholti frá Flóahreppi

Lögð fram umsókn leikskólavist barns utan sveitarfélgsins.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins til næsta fundar vegna breyttra forsendna í mönnum leikskólans.

16. Vegagerðin - fjallvegasjóður 2022

Lagt fram til kynningar úthlutun Vegagerðarinnar úr fjallvegasjóði árið 2022. Sveitarfélagið Skeiða- og Gnúpverjahreppur fékk úthlutuðum 4.000.000 kr. í afréttavegi í sveitarfélaginu.

17. Íþróttafélag Uppsveita - kynning

Kynningu frestað.

18. Sigurhæðir - boð í heimsókn

Boð í heimsókn frá Sigurhæðum til kynningar á starfinu lagt fram.

Sveitarstjórn tekur vel í boðið og felur sveitarstjóra að finna góðan tíma í heimsóknina.

19. Samþykkt samráðshóps um málefni aldraðra

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum samþykkt um samráðshóps um málefni aldraðra.

20. Afréttamálanefnd Gnúpverjaafrettar. Fundargerð 17. fundar

Fundargerð lögð fram til kynningar.

21. Heilbrigðisnefnd Suðurlands. Fundargerð 219. fundar

Fundargerð lögð fram til kynningar.

22. Umhverfisstofnun. Ársfundur náttúruverndarnefnda

Fundarboð Umhverfisstofnunar á ársfund náttúruverndarnefnda þann 10. nóvember.

Lagt fram til kynningar og fundarboði vísað á Loftslags- og umhverfisnefnd..

23. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Fundargerð aukaaðalfundar 2022

Fundargerð lögð fram til kynningar.

24. Héraðsnefndar Árnesinga - Fundargerð 26. fundar

Fundargerð lögð fram til kynningar.

25. Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerðir 910. og 911. fundar

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

26. Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð aukaaðalfundar 2022

Fundargerð lögð fram til kynningar.

27. Samband sunnlenskra sveitarfélaga. Fundargerð aukaaðalfundar 2022

Fundargerð lögð fram til kynningar.

28. Samband sunnlenskra sveitarfélaga. Fundargerðir 582. og 584. fundar stjórnar

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

29. Seyrustjórn. Fundargerð 3. fundar

Fundargerð lögð fram til kynningar.

30. Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árneshöfna. Fundargerð 56. fundar

Fundargerð lögð fram til kynningar.

31. Persónuvernd. Ársskýrsla

Ársskýrsla Persónuverndar lögð fram til kynningar

32. Samtök orkusveitarfélaga 2021

Ársreikningur samtaka orkusveitarfélaga 2021 lagður fram til kynningar.

33. Umhverfis- og tæknisvið uppsveita. UTU.

Fundargerðir 242. og 243 fundar.

30. Brautarholt L166449; Göngu- og reiðleið; Framkvæmdarleyfi – 2206050

Lögð fram umsókn frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi er varðar framkvæmdaleyfi fyrir lagningu göngu- og reiðleiðar við Brautarholt.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum að ekki verði gerð athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins sem framkvæmdin tekur til en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu. Samþykki og umsögn Vegagerðarinnar liggur fyrir framkvæmdinni.

Fundargerð 243. fundar.

28. Fjallaskálar í Flóa- og Skeiðamannafrétti og Gnúpverjafrétti; Aðalskipulagsbreyting – 2207018.

Lögð fram skipulagslýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér breytingu á skipulagi fjallaskála á Flóa- og Skeiðamannafrétti og Gnúpverjafrétti. Flóa- og Skeiðamannafréttur telst vera milli Stóru-Laxár og Fossár að austanverðu og Gnúpverjafréttar milli Fossár og Þjórsár. Svæðið er allt innan skipulagssvæðis Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Skálarnir eru skilgreindir í gildandi aðalskipulagi sem afþreyingar- og ferðamannasvæði, um er að ræða skálasvæði og fjallasel: AF16 Klettur (L166522), AF17 Hallarmúli (L178699), AF18 Sultarflit (L179883), AF19 Skeiðamannaftit (L179888), AF20 Gljúfurleiti (L166705), AF21 Bjarnalækjarbotnar (L166706), AF22 Tjarnarver (L166707) og AF23 Setrið (L166521).

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir með 5 atkvæðum skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fundi slitið kl. 13. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 17. ágúst nk. kl. 09.00. í Árneshöfna.

Sveitarstjórn 2022 - 2026. Númer fundar: 4 Dagssetning fundar: Miðvikudagur, 17. ágúst 2022. Tími fundar: 09:00 Mættir:: Haraldur Þór Jónsson, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Hannes Ólafur Gestsson, Kjartan H. Ágústsson og Vilborg Ástráðsdóttir. Gunnar Örn Marteinsson og Karen Óskarsdóttir boðuðu forföll. Fundargerð ritaði Sýlvía Karen Heimisdóttir.

Ekki voru gerðar athugasemdir við fundarboðið. Lagt var til að tekið yrði inn á dagskrá fundar aðalfundarboð Hitaveitufélags Gnúpverja ehf., aðalfundarboð Vottunarstofunnar Túns og beiðni um skólavist barns í Þjórsárskóla utan lögheimilissveitarfélags. Verða þau mál nr. 16., 17. og 18. á dagskrá. Kjartan H. Ágústsson óskaði eftir því að fá að leggja fram sérstaka bókun í lok fundar. *Var það samþykkt samhljóða.*

Fundargerð:

1. Endurskoðun samþykktar stjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps, síðari umræða

Síðari umræða um breytingar á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Breytingartillagan gerir ráð fyrir að það fjölgi úr þremur í fimm nefndarmenn í Loftslags- og umhverfisnefnd og Atvinnu- og samgöngunefnd. Einnig breyting á fundartíma sveitarstjórnar, frá því að vera kl 14 á miðvikudögum í kl 9 á miðvikudögum.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum breytingar á samþykktum stjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps og felur sveitarstjóra að gefa þær út til birtingar með viðauka við samþykktir um stjórn.

2. Drög að erindisbréfum nefnda

Erindisbréf fyrir eftirfarandi nefndir lögð fram til samþykktar: Velferðar- og jafnréttisnefnd Menningar- og æskulýðsnefnd Ungmennaráð Skeiða- og Gnúpverjahrepps Loftslags- og umhverfisnefnd Atvinnu- og samgöngunefnd Afréttamálanefnd Gnúpverja

Sveitarstjórn samþykkir öll erindisbréfin með 5 atkvæðum með þeim breytingum sem fram komu á fundinum.

3. Skipan í nefndir

Lagt er til eftirfarandi skipan í Velferðar- og

jafnréttisnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps:

Aðalmenn: Andrea Sif Snæbjörnsdóttir, Gunnhildur Valgeirsdóttir, Lilja Össurardóttir

Varamenn: Bjarni Másson, Kjartan Ágústsson, Rakel Þórarinsdóttir

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum skipan í Velferðar- og jafnréttisnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

4. Skólalaping

Umræða um hvað fer fram á skólalapingi og að framundan sé að hefja vinnu við undirbúning skólalapings sem ætlunin er að fari fram í haust/vetur.

Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

5. Vegur að Stóra-Núpi

Fundargerð lögð fram til kynningar.

6. Hamragerði 9 – skil á lóð

Lóðahafar að Hamragerði 9 hafa óskað eftir að skila lóð sem þeir fengu úthlutaðri fyrr á þessu ári.

Sveitarstjórn samþykkir með 5 atkvæðum ósk um skil á lóðinni Hamragerði 9. Sveitarstjóra falið að auglýsa lóðina aftur til úthlutunar.

7. Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi South Central sf.

Lögð fram umsagnarbeiðni vegna umsóknar um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II–G íbúðir.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við umsókn um rekstur gististaðar í flokki II–G íbúðir.

8. Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi Ásaskóli

Umsókn um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II–C minna gistiheimili.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við umsókn um rekstur gististaðar í flokki II–C minna gistiheimili.

9. Útleiga Fossá og Rauðá

Núverandi leigusamningur um veiðiréttinn í Fossá og Rauðá rennur út í haust. Núverandi leigutaki hefur óskað eftir framlengingu á leigusamninginum. Að sama skapi hafa fleiri aðilar óskað eftir leigurétti. Skógræktin og Forsætisráðuneytið eru auk þess aðilar að leigu ána þar sem um þjóðlendu er að ræða.

Sveitarstjóra falið að hefja vinnu við nýtt útbod í veiðirétt Fossár og Rauðár í samráði við Forsætisráðuneytið og Skógræktina.

10. Fyrirspurn um stað vegna safns fyrir ferðaþjónustu

Lagt fram bréf frá Atla Lilliendahl og Öldu Björk Ólafsdóttur þar sem fram kemur að þau eigi stórt

safn uppstoppaðra fugla og hausa af íslenskum húsdýrum og stefni að uppbyggingu og opnun safns sem búi yfir öllum fuglategundum á Íslandi. Leitast er eftir því hvort Skeiða- og Gnúpverjahreppur geti boðið fram vel staðsetta lóð með góðu aðgengi fyrir safnið.

Sveitarstjórn tekur vel í verkefnið og myndi telja slíkt safn sóma sér vel í sveitarfélaginu. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram og kanna mögulegar staðsetningar sem gætu komið til greina.

11. Hestamannafélagið Jökull - Beiðni um styrk

Bragi Gunnarsson og Ólafur Gunnarsson frá Hestamannafélaginu Jökli kynntu starfsemi félagsins fyrir sveitarstjórn. Hestamannafélagið Jökull varð til við sameiningu þriggja hestamannafélaga í uppsveitunum, þ.e. Loga, Smára og Trausta. Félagið leggur mikla áherslu á að efla starf fyrir börn og unglinga svo allir geti lagt stund á hestaþróttina. Hestamannafélagið Jökull óskar eftir styrk árin 2023- 2026 með árlegu framlagi uppá 1.000.000 kr.

Vilborg Ástráðsdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa máls.

Sveitarstjórn fagnar áformum um að efla starf barna og ungmenna á sviði hestaþróttar. Samþykkt með 4 atkvæðum að styrkja Hestamannafélagið Jökull árin 2023-2026 með árlegu framlagi uppá 1.000.000 kr.

12. Íþróttafélag uppsveita – kynning

Matthías Bjarnason og Sólmundur Magnús Sigurðarson frá Íþróttafélagi uppsveita kynntu starfsemi félagsins fyrir sveitarstjórn og óskuðu í framhaldinu eftir að fá fulltrúa frá sveitarfélaginu á sameiginlegan fund með fulltrúum hinna sveitarfélaganna í uppsveitunum þar sem nánari útfærsla að framtíðarsýn Íþróttafélags uppsveita, auk útfærslu að samstarfi sveitarfélaganna í uppsveitunum, verður kynnt og lögð fram.

Sveitarstjórn tekur vel í áform Íþróttafélags uppsveita um að efla íþróttastarf í uppsveitunum. Sveitarstjóra er falið að fylgja málinu eftir að höfð samráði við nágrannasveitarfélög.

13. Persónuvernd - synjun endurupptöku máls

Lagt fram til kynningar.

Bjarni Hlynur Ásbjörnsson lagði fram eftirfarandi bókun um málið:

Með úrskurði Persónuverndar þann 30. júní 2021, að vinnsla Skeiða- og Gnúpverjahrepps á persónuupplýsingum hafi ekki samrýmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga,

sem og höfnun Persónuverndar þann 22. júní 2022 um endurupptöku málsins nr. 2020082149, kemur berlega í ljós hversu sveitarstjórnun er mikilvægt að vanda til allrar stjórnsýslu og gæta að meðhöndlun persónuupplýsinga í hverju því máli sem á borð hennar ber.

Það má meðal annars draga fram mikilvægi þess að skrá allt það sem fram fer á fundum í fundargerð sér í lagi ef á honum eru teknar mikilvægar ákvarðanir, eða að þar sé kynnt að ákvörðunar sé að vænta á næstunni, og staðfesta það með undirritun allra aðila á fundinum.

Með bættri stjórnsýslu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi má draga úr líkum á því að íbúar sveitarfélagsins þurfi að standa í málaferlum við stjórnvald sitt.

14. Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings. Fundargerð auka aðalfundar 29.06.2022

Fundargerð lögð fram til kynningar.

15. Nefnd oddvita og sveitarstjóra (NOS). Fundargerð 29.06.2022

Fundargerð lögð fram til kynningar.

16. Hitaveita Gnúpverja – aðalfundarboð

Fundarboð lagt fram til kynningar. Sveitarstjóri sækir fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins.

17. Vottunarstofan Tún – aðalfundarboð

Fundarboð lagt fram til kynningar.

18. Þjórarskóli. Beiðni um skólavist utan

lögheimilissveitarfélags.

Lögð fram umsókn um að nemandi með lögheimili utan Skeiða- og Gnúpverjahrepps fái heimild til að stunda nám í Þjórarskóla, skólaárið 2022-2023. Lögheimilissveitarfélag hefur samþykkt að greiða til sveitarfélagsins fyrir námsvist barnsins.

Sveitarstjórn samþykkir beiðnina með 5 atkvæðum og fer gjaldtaka eftir við-miðunargjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna nemenda utan lögheimilis-sveitarfélags.

19. Önnur mál löglega fram borin.

Kjartan H. Ágústsson lagði fram eftirfarandi bókun vegna óformlegs fundar eða kaffispjalls fulltrúa L-listans með forstjóra Landsvirkjunar sem fram fór 8. júlí sl.:

Ég undirritaður tel að eðlilegt hefði verið að gefa öllum hreppsnefndarmönnum tækifæri til að taka þátt í fundinum.

Fyrirhuguð virkjun er mjög umdeild og kemur til með að hafa mikil og langvarandi áhrif á mannlíf og umhverfi. Því er mikilvægt að vanda til verka og hafa allt uppi á borðum.

Ég tel því að fundir sem þessi þurfi að vera formlegri og fundargerð rituð. Annað skapar tortryggni.

Fundi slitið kl. 11.45. Næsti fundur sveitarstjórnar ákveðinn miðvikudaginn 7. september nk. kl. 09.00. í Árnesi.



Fyrir 14 árum var mér gefin planta í gjöf frá góðum vini. Hún er af tegundinni Yucca og hef ég haft hana í vinnunni hjá mér alla tíð síðan. Plantað hefur vaxið og dafnað og gefið af sér marga afleggjara. Nú hef ég komið með þrjá afleggjara á skrifstofu sveitarfélagsins. Einn til að hafa á minni skrifstofu og fært Hrönn og Sylvíu sitthvorn afleggjarann. Það hefur því grænkað verulega umhverfið á skrifstofu sveitarfélagsins og verður fróðlegt að sjá á næstu mánuðum og árum hvaða starfsmaður stendur sig best í að hugsa um blómið sitt :)

Haraldur Þór Jónsson

Hvað er á prjónunum !

Þennan mánuð ákvað ég að deila með ykkur mínu eigin verkefni. Ég var lengi að læra að prjóna enda með örvhentustu konum landsins. Mamma var búin að reyna oft að kenna mér en þetta snéri allt vitlaust í höndunum á mér, það var ekki fyrir en frænka gat kennt mér að prjóna í ranga átt. Það var svo fyrir nokkrum árum þegar ég var sjálf að kenna prjón í handavinnu að ég náði að “setja bandið í hina höndina” og hjálpa nemanda mínum. Þetta hefur

gangast mér mikið og nú prjóna ég stollt í báðar áttir. Nýjasta verkið af prjónunum er meðfylgjandi, prjónað eins og áður sagt í fram og til baka. Ég prjónaði þessa peysu líka ofan frá svo prófaði ég líka að prjóna hnappagata líninguna áður og sauma við sem mér fannst heppnast sérlega vel. Sem sagt tilraunaverkefni sem heppnaðist bara alveg ágætlega þó ég segi sjálf frá.

Helga Jóhanna á Hraunvöllum



RÉTTIR FRAMUNDAN

Skaftholtsréttir eru föstudaginn 9. september nk. Réttirnar hefjast að venju kl. 11 með fyrsta innrekstri. Þegar búið er að draga fyrsta innrekstur er gert 30 mínútna kaffihlé áður en aftur er rekið inn.

Reykjaréttir eru laugardaginn 10. september og hefjast réttarstörf kl. 9.00
Í fyrsta sinn í 3 ár eru réttirnar aftur opnar almenningi og eru allir velkomnir.

Í aðdraganda rétta er rétt að minna á lokanir og tafir á vegum vegna fjárrekstra.

Fimmtudaginn 8. september verða tafir á Þjórsárdalsvegi (nr. 32) frá Búrfelli og að Fossnesi frá hádegi og fram á kvöld.

Föstudaginn 9. september verða tafir á veginum frá Fossnesi að Skaftholtsrétt á milli **8 og 11** (hægt að fara hjáleið um Hamarsholt, veg 325)

Föstudaginn 9. september er Þjórsárdalsvegur (nr. 32) lokaður á milli Bólstaðar og Sandlækjarholts (vegamót vega nr. 30 og 32) á milli **16 og 18** og reikna má með umferðartöfum fyrir ofan og neðan þetta svæði allan daginn, allt frá Skaftholtsréttum niður að Reykjaréttum við veg 30.

